

Fimmtudaginn 1. febrúar 1990.

Nr. 330/1988. **Guðjón F. Teitsson**

(sjálfur)

gegn

Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins

(Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Lífeyrisréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. október 1988. Dómkröfur hans eru þessar:

Aðalkrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 6.536.317 krónur auk verðbóta,

1. varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 5.645.150 krónur,

2. varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 5.199.566 krónur,

3. varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 4.993.235 krónur,

4. varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 4.851.937 krónur,

5. varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 4.569.323 krónur,

6. varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 3.950.300 krónur.

Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi vaxta frá 1. janúar 1987 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt nokkur ný gögn fyrir Hæstarétt.

Atvik málsins eru skilmerkilega rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Ágreiningsefni málsins lýtur að því, hvort áfrýjandi eigi rétt á, að ellilífeyrir hans frá stefnda reiknist af öðrum launagrunni en

verið hefur. Áfrýjandi heldur því fram, að grundvöllur ellilífeyris hans hafi mjög raskast á undanförunum árum vegna breytinga er orðið hafi á starfi forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem hann gegndi 1953-1976, og launakjörum sem því fylgja. Megi rekja þá þróun til 1967. Þetta hafi leitt til þess, að hann hafi um langt árabil notið mun lakari ellilífeyris en réttmætt, eðlilegt og sanngjarnt geti talist.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi hefur meginþáttur þess álitaefnis, er stendur að baki kröfugerð áfrýjanda í málinu, þegar verið til lykta leiddur með dómi Hæstaréttar 30. júní 1987 í hæstaréttarmáli nr. 47/1986 milli sömu aðila. Í þessu máli hefur ekkert komið fram varðandi árin 1987-1990, er leiði til annarrar niðurstöðu.

Skýr og afdráttarlaus ákvæði í 6. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. 6. gr. laga nr. 98/1980, sbr. 4. gr. laga nr. 47/1984, sem lögð eru til grundvallar í hinum áfrýjaða dómi, standa því í vegi, að kröfur og málsástæður áfrýjanda að öðru leyti geti náð fram að ganga.

Við munnlegan málflutning lýsti áfrýjandi því yfir, að málið væri lagt fyrir Hæstarétt „á hreinum gerðardómsgrundvelli“. Rekstur máls á þeim grundvelli er utan lögsögu almennra dómstóla.

Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. ágúst 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. júní 1988, er höfðað með stefnu, þingfestri 15. október 1987, af Guðjóni F. Teitssyni, fyrrverandi forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, Hofsvallagötu 55, Reykjavík, nnr. 2932-7491, á hendur Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Laugavegi 114, Reykjavík, nnr. 6088-9407, til greiðslu hærri eftirlauna en honum hafa þegar verið veitt fyrir tímabilið 1. nóvember 1976 til 31. desember 1986.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru aðallega, að stefndi greiði honum kr. 6.536.317, en til vara, að stefndi greiði honum kr. 3.950.300. Í bæði

aðalkröfu og varakröfu er krafist vaxta miðað við árslok 1986, en verðbóta og vaxta frá árslokum 1986 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Stefnandi byggir mál sitt á því, að sá launagrunnur, sem eftirlaun hans séu reiknuð af, sé rangur og ósanngjarn. Hann lýsir starfsferli sínum frá 1929 til 1976 svo: Hann kveðst hafa starfað hjá Skipaútgerð ríkisins frá desember 1929 til 31. desember 1951, eða í full 22 ár, sem skrifstofustjóri og fyrsti varamaður eins forstjóra yfir landhelgisgæslu og strandferðum og sumpart með utanlandssiglingum, þar af í 3,5 ár hafi hann einnig verið formaður og framkvæmdastjóri Verðlagsnefndar, sem farið hafi með fyrsta samfellda, almenna verðlagseftirlit hér á landi, og hafi starfstíma hans þá verið skipt nokkurn veginn að hálfu milli Verðlagsnefndar og Skipaútgerðarinnar. Telur hann, að samkvæmt síðari skilgreiningu hafi áðurgreind staða mátt í raun frá upphafi teljast framkvæmdastjórastaða fremur en skrifstofustjórastaða. Í ársbyrjun 1952 hafi yfirstjórn landhelgisgæslu og strandferða verið aðskilin. Um miðjan júní 1952 kveðst stefnandi raunverulega hafa tekið við forstjórastöðu strandferðadeildarinnar með fyrra starfi, þótt formleg veiting færi ekki fram fyrr en um haustið 1953.

Á árunum 1947/1948 til 1965/1966 hafi skipakostur félagsins verið: Esja, Þyrill, Herðubreið, Skjaldsbreiður, Hekla auk Herjólf, sem smíðaður er 1959. Tala skipverja félagsins hafi komist upp í um 200 manns, en venjulega verið að sumri um 150 manns, en nokkru færri að vetri, verkamenn í fastri vinnu hafi verið 25-30, en með lausráðnum farið upp í 50-60, skrifstofufólk hafi verið í kringum 20 að tölu og umboðsmenn á innlendum höfnum og hafnleysum rúmlega 50. Farþegasvefnrúm um 370. Núverandi floti útgerðarinnar séu 3 skip, sem séu einhliða til vöruflutninga að undanskildum 4 farþegasvefnrúmum í aðeins einu skipanna, skipverjar séu sagðir um 30, sem aftur hljóti að leiða til minni yfirstjórnarumsýslu. Aftur á móti hafi flutt vörumagn aukist mjög verulega á undanförunum árum, þetta kveður stefnandi samt sem áður ekki hafa lyft yfirstjórnarumsýslu Skipaútgerðarinnar á nándar nærri jafnhátt stig og á áðurgreindu 36-37 ára tímabili, 1929-1966, og enn síður, þegar strandferðir og landhelgisgæsla hafi verið undir einni og sömu útgerðarstjórn.

Á áðurgreindum starfstíma, er stefnandi vann sem skrifstofustjóri og forstjóri Skipaútgerðarinnar, kveðst hann hafa unnið svo að segja eingöngu gegn einföldum fastalaunum, þótt fastur skrifstofutími, einkum á fyrri hluta tímabilsins, hafi verið mun lengri en síðar varð, unnið frá kl. 9.00 til 18.00 mánudag til föstudags og kl. 9.00 til 16.00 á laugardögum árið

um kring, og þrátt fyrir það hafi löngum verið gífurleg yfirvinna í útgerðarstjórninni, án þess að launabætur kæmu fyrir.

Stefnandi kveður iðgjaldaskyldu sinni hafa lokið 1. nóvember 1964. Hafi hann því verið kominn þrjú ár fram yfir iðgjaldaskyldu til lífeyrissjóðsins árið 1967, þegar umdeildu launafyrirkomulagi með aukagreiðslum hafi verið komið á fót. Kveðst hann hafa greitt tilskilin iðgjöld til lífeyrissjóðsins af svo að segja öllum launatekjum sínum samkvæmt framtölum til skatts frá 1944 til loka iðgjaldaskyldu, en fyrir lífeyrisréttindi fram til loka júní 1945 hafi hann greitt iðgjöld samkvæmt sérstakri ákvörðun stjórnar Lífeyrissjóðsins gagnvart fjölda starfsmanna, sem þá hafi keypt réttindi fyrir liðinn tíma með einhvers konar jöfnunargjaldstaxta. Hann hafi byrjað að fá greidd eftirlaun 1. nóvember 1976.

Stefnandi kveður aukagreiðslur fyrir störf í hinum hæstlaunuðu embættum ríkisins yfirleitt ekki hafa tíðkast, sbr. lög nr. 16/1925, 16/1928, 60/1945 og 92/1955. Þessa launastefnu kveður hann enn fremur hafa komið fram í kjaradómum, sem giltu á árunum 1963-1966. Telur hann, að túlka beri texta þeirra þannig, að frumkvæði að hugsanlegum aukagreiðslum hafi átt að vera hjá launþeganum. Frumkvæði að öllum ákvörðunum um aukagreiðslur til stefnanda telur hann hins vegar hafa verið algerlega hjá Stjórnarráðinu, og hafi hann sem launþegi einskis verið spurður í því sambandi.

Stefnandi kveður eðlilegt, að laun taki mið af ábyrgð og vanda, er starfi fylgja, og að þeim sé breytt, t.d. í samræmi við vöxt eða samdrátt þeirrar stofnunar, sem veitt er forstaða. Hann telur hins vegar, að í sambandi við breytingu á launagrunni stöðu forstjóra Skipaútgerðar ríkisins hafi hann orðið fyrir órétti, þar sem föst laun hafi verið stórlega lækkuð í samanburði við fjölda annarra embætta á fyrri tíð, en núverandi forstjóra veitt allt að 50-60% launauppbót vegna aukastarfa. Stefnandi kveður, að vegna einföldunar í rekstri og þar sem nú séu þrír framkvæmdastjórar og einn markaðsfulltrúi við hlið forstjóraembættisins, þá sé ekki ástæða til að ætla, að þessi aukavinna sé raunverulega látin í té. Sjálfur sé hann fyrrverandi forstjóri með 48 ára starfsréttindi, að verulegu leyti með mun lengri föstum vinnutíma og að auki oft gífurlegri raunverulegri yfirvinnu, sem ekki hafi verið sérstaklega bætt, en laun starfandi forstjóra Skipaútgerðarinnar hafi að undanförfu verið um það bil 86% (með þóknun í Vinnumálanefnd 1985 98%) hærri en greidd eftirlaun til stefnanda.

Með kjaradómum 1963-1965 hafi verið byrjað að breyta launakjörum í embætti forstjóra Skipaútgerðar ríkisins og margra annarra embættismanna á vegum ríkisins á þann hátt að gera laun fyrir „ómælda yfirvinnu“ og einhvers konar aukastörf að verulegum og sívaxandi þætti heildarlauna. Kveður hann yfirstjórnarumsýslu í Skipaútgerð ríkisins þegar hafa dregist

stórlega saman, er nefndum aukagreiðslum hafi verið komið á, og telur hann það sýna betur en nokkuð annað, að hér hafi verið um að ræða beina röskun á þeim grundvelli launakjara, sem hann hafi áður búið við um áratugaskeið.

Stefnandi telur, að með kjaradómunum frá 1963-1965 hafi verið tekið að meta embætti forstjóra Skipaútgerðarinnar niður í launum um 2-3 launaflokka, þó aðeins þá þegar um 5-10%, miðað við ýmis önnur embætti undanfarin 34-37 ár, og virðist þetta hafa tengst fyrirhuguðum samdrætti í yfirstjórn útgerðarinnar, þ.e. einkum sölu beggja aðalfarþegaskipanna; hið fyrra hafi þó ekki verið selt fyrr en í árslok 1966 og hið síðara um haustið 1969. Telur stefnandi þetta hafa verið ósanngjarnt gagnvart sér, einkum í ljósi hins langa starfsaldurs, er hann hafi haft að baki.

Með lögum, samþykktum á alþingi 5. des. 1977, hafi verið ákveðið, að Kjaradómur skyldi á ný fjalla um launakjör ýmissa embættismanna. Athyglisvert sé, að undantekningarlítið hafi dómurinn hækkað fastalaun ríflega samsvarandi þeirri „ómældu yfirvinnu“ eða tilsvareandi launabótum, sem tíðkast hafi að greiða viðkomandi, og hafi þannig endurreist fyrri venju um einföld fastalaun í embættunum.

Það megi því segja, að kjaradómar á tímabilinu frá 1. júlí 1978 til og með 1986 hafi í raun og veru ógilt, að launabætur til fjölda embættismanna undir heiti „ómældrar yfirvinnu“ eða þvílíks, sem aðallega hafi hafist, svo nokkru næmi, á árinu 1967 og farið síðan vaxandi á næstu árum, skyldu metnar öðruvísi en sem hluti fastra launa. En af þessari ástæðu hafi eftirlaunabægi tilheyrandi embættis, sem öðlast hafi á nefndum grundvelli kjaradómsúrskurð um laun eftirmanns í samnefndu embættisstarfi, sjálfkrafa fengið hækkun eftirlauna frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins án þess að hafa greitt iðgjöld af hinum umræddu aukagreiðslum. Þetta hafi hins vegar ekki átt við um „aukagreiðslur“ til stefnanda, þar sem iðgjaldaskyldu hans hafi verið lokið, áður en þær hófust.

Stefnandi kveðst enn fremur með vísan til þess, er að ofan er rakið, byggja á 12. gr. laga 98/1980, sem hann telur, að hafi í framkvæmd verið látin verka aftur fyrir sig. Í henni sé kveðið á um það, að hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti 10 ár fyrr á sjóðfélagstíma sínum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, þá skuli miða lífeyrinn við hæstlaunaða starfið. Ekki sé svo mikið sem ýjað að því, að hið hærra launaða starf þurfi að hafa verið í annarri stofnun eða með öðru nafni í sömu stofnun og við starfslok, enda hefði slíkt verið mjög óeðlilegt, þar eð reikna verði með því, að stofnanir breytist í tímans rás og þar með launastaða starfsmanna, ekki síst í yfirstjórn. Heiti forstjóra eigi t.d. jafnt við í misstórum fyrirtækjum, þótt laun séu misjöfn.

Stefnandi telur, að þar sem fastalaun eftirmanns hans séu þannig óviðun-

andi launagrunnur til að miða eftirlaun stefnanda við, þá verði að líta til þess, hvernig starf hans hafi verið metið til launa miðað við önnur embætti á starfstíma hans sjálfs. Hefur hann með framlögðum skjölum, þar á meðal ýmsum samanburðartöflum, fært rök að því, að hann hafi verið meðal hæstlaunuðu embættismanna landsins á sinni tíð. Hefur hann valið að reikna viðmiðunargrunn þeirra eftirlauna, er hann krefst í aðalkröfu máls þessa, sem hlutfall af launum ráðherra, en í varakröfu sem hlutfall af launum ráðuneytisstjóra.

Dómkröfur sínar sundurliðar hann þannig:

- I. Aðalkrafa, byggð á 74,8% miðun við laun ráðherra (88% af 85% nefndra launa):

	<i>Höfuðstóls- krafa kr.</i>	<i>Verðbætur kr.</i>	<i>Samtals kr.</i>
Skv. stefnu 6. okt. 87	1.123.261	4.305.487	5.428.748
Skv. útreikningi fyrir 1985/86	906.252	201.317	1.107.569
Samtals kr.	2.029.513	4.506.804	6.536.317

- II. Varakrafa, byggð á miðun við laun ráðuneytisstjóra:

Skv. stefnu 6. okt. 87	699.545	2.464.251	3.163.796
Skv. útreikn. fyrir 1985/86	642.797	143.707	786.504
Samtals kr.	1.342.342	2.607.958	3.950.300

Vaxta er krafist af aðalkröfu og varakröfu miðað við árslok 1986. Þegar vextir hafa verið reiknaðir, kveðst stefnandi gera ráð fyrir frádrætti vegna þess, sem lífeyrissjóður hafi greitt samkvæmt Hæstaréttardómi 30/6 1987 í málinu 47/1986 vegna hækkunar lífeyrisréttinda úr 60 í 64% við 95 ára mark líf- og starfsaldurs frá 1/1 1981-31/12 1984.

Stefnandi kveður mál þetta vera á nokkuð breyttum grundvelli endurupp-töku kröfumáls, sem dæmt hafi verið í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 21. des. 1985, mál nr. 12366/1985, og hafi síðar verið dæmt í Hæstarétti hinn 30. júní 1987 sem mál nr. 47/1986, en með nefndum dómi Hæstaréttar hafi málinu að mestu leyti verið vísað frá héraðsdómi, vegna þess að það hefði á sínum tíma ekki verið nægjanlega skýrt til dómsálagningar.

Stefndi kveður málavexti vera þá, að stefnandi hafi verið skrifstofustjóri Skipaútgerðar ríkisins frá desember 1929 til ársins 1953, er hann hafi verið skipaður forstjóri Skipaútgerðar ríkisins. Hann hafi gegnt því starfi til 1. nóvember 1976, er hann hafi látið af störfum fyrir aldurs sakir. Stefnandi hafi hafið greiðslu iðgjalda í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins 1. júlí 1944.

Stefnandi hafi keypt réttindi í sjóðnum 16 ár aftur í tímann, og reiknist sjóðsaldur hans því frá 1. júlí 1928. Hann hafi síðan greitt iðgjöld í sjóðinn í samtals 36 ár og 4 mánuði, eða til 1. nóvember 1964, en þá hafi samanlagður sjóðsaldur og lífaldur stefnanda verið 95 ár (stefnandi sé fæddur 4. febrúar 1906). Hinn 1. nóvember 1976 hafi stefnandi látið af störfum og hafið töku lífeyris úr sjóðnum. Lífeyrir stefnanda hafi verið miðaður við föst laun forstjóra Skipaútgerðar ríkisins og numið 84% af fyrrgreindum launum. Þegar stefnandi hafi látið af störfum, hafi hann tekið lífeyri eftir fyrir-mælum laga nr. 29 frá 1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Stefndi hafi síðan greitt stefnanda lífeyri í samræmi við ákvæði þeirra laga.

Stefnandi hafi verið óánægður með lífeyrissjóðsréttindi sín og hafi hann höfðað mál gegn stefnda til þess að freista þess, að þau yrðu lagfærð. Dómur hafi fallið í Hæstarétti 30. júní 1987, þar sem staðfest hafi verið niðurstaða bærjapings Reykjavíkur í málinu nr. 12366/1985, um að stefnandi ætti rétt á 4% hækkun á lífeyrisréttindum sínum í samræmi við lög nr. 98/1980, sbr. breytingu á lögum nr. 29/1963. Með dómi þessum hafi lífeyrisréttindi stefnanda hækkað úr 84% í 88% af föstum launum forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Í samræmi við dóm þennan hafi stefnanda þegar verið greidd uppbótin aftur í tímann í samræmi við lög nr. 98/1980, og muni hann framvegis fá lífeyrisgreiðslu frá stefnda í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar.

Í sama Hæstaréttarmáli hafi hins vegar verið hafnað kröfu stefnanda um viðmiðun lífeyrisréttinda við laun skipstjóra hjá Skipaútgerð ríkisins og þeirri kröfu (sic) vísað frá héraðsdómi.

Þrátt fyrir niðurstöðu Hæstaréttar í ofangreindu máli hafi stefnandi höfðað nýtt mál fyrir bærjapingi Reykjavíkur hinn 23. október 1986, þar sem gerð sé krafa um breytta viðmiðun launa varðandi útreikning eftirlauna, þ.e. lífeyrisgreiðslur. Kröfugerð í þessu máli taki til tímabilsins frá 1. janúar 1985 til 30. sept. 1986. Krafa sé gerð um viðmiðun við laun ráðherra eða laun ráðuneytisstjóra. Kröfugerð í því máli, sem hér sé til umfjöllunar, taki enn fremur til tímabilsins 1. nóvember 1976 til ársloka 1984, og sé að öllu leyti sambærilegt við og hafi verið sameinað bærjapingsmálinu, sem þingfest hafi verið 1986.

Mál þetta fjalli um túlkun á 7. mgr. 12. gr. laga nr. 98/1980 og um það, hvort þau lög gildi yfirhöfuð um lífeyrisréttindi stefnanda. Stefnandi haldi því fram, að ekki beri að miða lífeyrisgreiðslur sínar við laun forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, eins og þau séu í dag, heldur eigi að miða þau við ákveðið hlutfall af launum ráðherra. Til vara haldi hann því fram, að miða eigi lífeyrisgreiðslur hans við laun ráðuneytisstjóra á hverjum tíma. Stefnandi byggir þessa kröfu sína á því, að laun forstjóra Skipaútgerðar ríkisins hafi breyst það mikið til lækkunar nú á seinni árum, að þau séu ekki lengur

hæf til viðmiðunar miðað við þau störf, sem hann hafi innt af hendi á sínum tíma sem skrifstofustjóri og forstjóri sama fyrirtækis. Telji stefnandi breytingu þessa jafngilda því, að hann hafi gegnt hærra launuðu starfi á árum áður, og telji nær sanni, að miðað sé við ákveðið hlutfall af launum ráðherra eða ráðuneytisstjóra. Fullyrðingu stefnanda, hvað þetta varði, sé að sjálfsögðu mótmælt. Ákvæði 7. mgr. 12. gr. laga nr. 98/1980 eigi hér alls ekki við. Í ákvæði þessu sé átt við, að sjóðfélagi hafi gegnt öðru og hærra launuðu starfi, en ekki það, hvort laun í sama starfi hafi á einhverju tímabili verið tiltölulega hærri miðað við einhver önnur störf. Stefnandi uppfylli því ekki þau skilyrði, sem skýrt sé kveðið á um í fyrrgreindum lögum.

Í 6. gr. laga nr. 98/1980 sé skýrt kveðið á um það, að upphæð ellilífeyris sé hundraðshluti af launum þeim og persónuuppbót skv. kjarasamningum, sem á hverjum tíma fylgi starfi því, sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Því leiki ekki vafi á því, að sú viðmiðun, sem hér eigi við, séu laun forstjóra Skipaútgerðar ríkisins.

Engin heimild sé hér í lögum að miða við aðrar starfsgreinar eða hlutfall af öðrum starfsgreinum. Ekki skipti hér heldur máli, hvaða reglur hafi gilt hjá stefnanda og/eða meðal opinberra starfsmanna um yfirvinnugreiðslur.

Í ofangreindum hæstaréttardómi milli stefnanda og stefnda segi orðrétt í dómnum: „Í málinu hefur gagnáfrýjandi ekki leitt rök að því að slík breyting hafi orðið á starfi forstjóra Skipaútgerðar ríkisins eftir að hann lét af störfum, að það verði ekki talið sama starf og hann gegndi í skilningi 6. mgr. (sic) 12. gr. 1. nr. 29/1963, sbr. 6. gr. 1. nr. 98/1980.

Að framangreindu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður ekki fallist á kröfu gagnáfrýjanda um ellilífeyri sem miðaður sé við laun skipstjóra svo sem gert er í aðalkröfu gagnáfrýjanda.“

Skilja verður dóm Hæstaréttar á þann veg, að hafnað sé viðmiðun við önnur laun en forstjóra-laun Skipaútgerðar ríkisins.

Stefndi kveður tölulegum viðmiðunum stefnanda almennt vera mótmælt sem órökstuddum og ósönnuðum. Sérstaklega sé kröfum um verðbætur mótmælt.

Hinn 18. apríl 1985 höfðaði stefnandi mál á hendur stefnda, bæjarþingsmál nr. 12366/1985, og var kveðinn upp dómur í því hinn 21. desember 1985. Því máli var áfrýjað til Hæstaréttar og var rekið þar sem mál nr. 47/1986 og var dómur í því máli kveðinn upp 30. júní 1987. Meðan það mál var fyrir Hæstarétti, höfðaði stefnandi nýtt mál fyrir bæjarþinginu, sem var þingfest 23. okt. 1986 og nefnt nr. 8302/1986, var það efnislega sambærilegt fyrra málinu að öðru leyti en því, að um annað tímabil var að ræða og breyting var gerð á kröfu um viðmiðun launa, þannig að hún

yrði ákveðin hlutfallstala af ráðherralaunum og til vara launum ráðuneytisstjóra í stað launa skipstjóra. Hinn 15. október 1987 þingfesti stefnandi enn mál út af sama sakarefni, bæjarþingsmál nr. 6266/1987, spannar það yfir sama tímabil og hæstaréttarmál nr. 47/1986, en er að öðru leyti sambærilegt við bæjarþingsmál nr. 8302/1986. Sú málsástæða, að starf forstjóra Skipaútgerðar ríkisins hafi breyst verulega, er studd frekari gögnum, er varða umfang fyrirtækisins á þeim tíma, er stefnandi veitti því forstöðu. Hinn 29. apríl 1988 var mál nr. 8302/1986 sameinað máli nr. 6266/1987 að kröfu stefnanda, og í sama þinghaldi var af hálfu stefnda fallið frá frávisunarkröfu, er komið hafði fram í máli nr. 6266/1987.

Í hæstaréttarmáli nr. 47/1986 var í aðalkröfu gagnáfrýjanda, stefnanda í þessu máli, fjallað um þá málsástæðu hans, sem byggð er á 7. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963, með vísan til breytinga, sem hann telur hafa orðið á starfi forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, þannig að telja megj það annað starf nú en á starfstíma stefnanda. Var þessum rökum stefnanda hafnað af Hæstarétti, og hefur sú niðurstaða bindandi réttarverkanir í þessu máli. Frekari sönnunargögn og rök stefnanda um þessi efnisatriði koma hér því ekki frekar til álita.

Með ofangreindum dómi Hæstaréttar var hins vegar varakröfum stefnanda vísað frá héraðsdómi vegna vanreifunar, en þar krafðist stefnandi þessa máls greiðslu uppbótar á ellilífeyri sinn með vísan til aukagreiðslna, „ómældrar yfirvinnu“ og formennsku í stjórnarnefnd á starfstíma sínum. Stefnandi hefur nú rökstutt þessa kröfu, svo sem að ofan er lýst, þannig að auknar aukagreiðslur í embætti hans hafi leitt til lækkunar fastra launa og þannig skekkt þann launagrunn, sem eftirlaun hans eigi að vera miðuð við.

Er stefnandi hóf töku lífeyris, var í gildi um launagrunn þann, sem miða skyldi lífeyri við, 3. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963. Þar var ákveðið, að upphæð ellilífeyris skyldi vera hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því er sjóðfélagi gegndi síðast. Ákvæði þetta verður að túlka þannig, að það taki einungis til fastra launa fyrir dagvinnu, enda benda lögskýringargögn til þess, að sú breyting, sem gerð er á orðalagi ákvæðisins í 4. gr. laga nr. 47/1984, sé gerð til áréttingar á ríkjandi lögskýringu ákvæðisins, en þar segir, að upphæð ellilífeyris sé hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu og persónuuppbót samkvæmt kjarasamningum, er á hverjum tíma fylgi stöðu þeirri fyrir fullt starf, er sjóðfélaginn gegndi síðast. Þótt fallast megj á, að sanngirnisrök mæli með sjálfstæðu mati á eftirlaunarétti í tilviki, þar sem launagrunni hefur verið raskað verulega frá fyrri tíð, svo sem telja verður upplýst, að orðið hafi í tilviki stefnanda með því að brjóta tekjur niður í föst laun fyrir dagvinnu og reglulegar greiðslur fyrir aukavinnu með þeim afleiðingum, að viðmiðunar-

grunnur eftirlauna lækkar, þá verður hér ekki vikist undan skýru ákvæði laganna. Dómkröfum stefnanda er því hafnað með vísan til þeirra raka, er hér hafa verið sett fram, og skal stefndi vera sýkn af öllum kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Uppsaga dóms hefur dregist vegna embættisanna dómara.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Guðjóns F. Teitssonar.

Málskostnaður fellur niður.
